

1785

Þriðjudaginn 21. maí 1996.

Nr. 190/1996.

Bændasamtök Íslands

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Amper hf. og

Erni Árnasyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1996, þar sem hafnað var mótmælum sóknaraðila gegn því, að varnaraðilar fái að leiða Jón Otta Sigurðsson til skýrslugjafar sem vitni í máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði um heimild til framangreindrar skýrslugjafar svo og, að varnaraðilum verði gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu krefur sóknaraðili varnaraðila um bætur vegna bilunar, sem sóknaraðili telur hafa orðið í tölvubúnaði í eigu sinni, við það, að varnaraðilanum Erni Árnasyni urðu á mistök við tengingu í rafmagnstöflu á starfsstöð sóknaraðila 28. október 1994. Er kröfum sóknaraðila beint að varnaraðilanum Amper hf. sem vinnuveitanda Arnar. Að beiðni váttryggingafélags varnaraðila lét fyrirnefndur Jón Otti Sigurðsson í té álitserð 16. maí 1995 í nafni fyrirtækisins Rafhönnunar, og hefur hún verið lögð fram í málinu. Þar er leitt getum að ástæðum bilunarinnar í tölvubúnaði sóknaraðila. Vilja varnaraðilar nú leiða Jón fyrir dóm til að staðfesta álitserð sína og svara spurningum um það, sem hann kann að hafa orðið áskynja um málsatvik við athugun sína á vettvangi.

Af 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991 verður ályktað, að aðili að einkamáli megi færa þar sönnur fyrir umdeildu atviki með því að leiða fyrir dóm vitni, sem svari munnlega spurningum um slík atvik af eigin raun. Varnaraðilar bera því ekki við, að Jón Otti Sigurðsson hafi verið staddur á starfsstöð sóknaraðila 28. október 1994, þegar fyrrgreindur atburður varð. Getur skýrslugjöf hans fyrir dómi því ekki helgast af reglum VIII. kafla laga nr. 91/1991. Ef varnaraðilum er þörf á framburði sérfræðings fyrir dómi um orsakir bilunar í tölvubúnaði sóknaraðila eða um niðurstöður af athugun slíks manns á vettvangi, geta þeir leitað dómkvaðningar mats- eða skoðunarmanns samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 91/1991 og leitt hann að starfi loknu fyrir dóm til að svara munnlega spurningum, sbr. 65. gr. laganna. Þar sem umræddur maður hefur ekki verið dómkvaddur til slíkra starfa, er ekki heldur unnt að leiða hann fyrir dóm gegn mótmælum sóknaraðila til skýrslugjafar á þessari forsendu.

Samkvæmt framangreindu brestur skilyrði til að verða við kröfu varnaraðila um að fá að leiða Jón Otta Sigurðsson fyrir dóm til að gefa munnlega skýrslu. Verður þessari kröfu þeirra því hafnað.

Varnaraðilar verða dæmdir sameiginlega til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Ampers hf. og Arnar Árnasonar, um að fá að leiða Jón Otta Sigurðsson fyrir dóm til munnlegrar skýrslugjafar í máli sóknaraðila, Bændasamtaka Íslands, á hendur þeim.

Varnaraðilar greiði sameiginlega sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1996.

Mál þetta er tekið til úrskurðar í dag vegna ágreinings aðila máls þessa um það, hvort Jón Otti Sigurðsson verði að kröfu stefnda leiddur fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð málsins.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að nefndur Jón Otti Sigurðsson sé vitni í skilningi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991. Hann hafi ekki séð tjónsatburð þann, sem mál þetta sé risið af, og þá hafi hann ekki

heldur stöðu mats- eða skoðunarmanns, enda sé hann ekki dómkvaddur til slíkra starfa.

Af hálfu stefndu og réttargæslustefnda er þess krafist, að nefndur Jón Otti Sigurðsson komi fyrir dóminn sem vitni, þar eð hann hafi farið á vettvang og skoðað aðstæður og lagt mat á það, hvort eðlileg vinnubrögð hafi verið viðhöfð, er umþrættur tjónsatburður varð. Hann komi því fyrir dóminn sem matsmaður, þótt hann hafi ekki verið dómkvaddur.

Við þingfestingu máls þessa lagði stefnandi fram dskj. nr. 1-10. Með dóm-skjali nr. 9, sem er bréf lögmanns réttargæslustefnda til stefnanda, fylgdi skoðunar- og matsgerð Jóns Otta Sigurðssonar, dagsett 16. maí 1995, sem unnin var að beiðni réttargæslustefnda vegna ágreinings aðila þessa máls. Með vísan til þessa og hliðsjón af því, hvernig Jón Otti Sigurðsson tengist þessu máli, verður að hafna kröfu stefnanda, en heimila lögmanni stefndu og réttargæslustefnda að leiða vitnið Jón Otta Sigurðsson fyrir dóminn við aðalmeðferð máls þessa.

Úrskurðinn kveður upp Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögmanni stefndu og réttargæslustefnda er heimilt að leiða vitnið Jón Otta Sigurðsson fyrir dóminn.
